



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík 15. nóvember 2018

1811003SA VÓHS  
Málalýkill: 00.63

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skóga og skógrækt, 149. löggjafarþing - 231. mál**

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 1. nóvember sl., þar sem umhverfis- og samgöngunefnd óskar eftir umsögnum um frumvarp til laga um skóga og skógrækt, 231. mál.

Frumvarpið var lagt fram á 146. löggjafarþingi en varð ekki afgreitt. Mælt var fyrir málinu 9. maí 2017 og var því vísað til umhverfis- og samgöngunefndar að lokinni 1. umræðu sem sendi málið til umsagnar. Alls bárust 14 erindi um málið og hefur ráðuneytið farið sérstaklega yfir þau, líkt og rakið er í greinargerð með frumvarpinu.

Sambandið vill sérstaklega gera athugasemd við breytingu á 4. gr. frv., þar sem ekki er lengur kveðið á um að landsáætlun í skógrækt verði lögð fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu. Sambandið leggst gegn þeirri tilhögun og telur edlilegt, ekki síst í ljósi aukins mikilvægis skógræktar í tengslum við aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, að löggjafinn eigi aðkomu að samþykkt landsáætlunarinnar.

Sambandið hefur sent umsagnir á fyrri stigum þar sem gerðar voru athugasemdir við ákvæði V. kafla frumvarpsins er fjallar um vernd, umhirðu og nýtingu skóga. Var bent á að það yrði að teljast þyngjandi fyrir skógarbændur að þurfa sérstakt leyfi Skógræktarinnar til að grisja skóga á sínu landi. Ráðuneytið tók undir athugasemdir sambandsins við endurskoðun frumvarpsins sem nú er lagt fram. Ráðuneytið tók einnig undir ábendingar sambandsins um að ákvæði um varanlega eyðingu skógar væru til þess fallin að skapa óþarfa stjórnsýsluflækjur. Í ljósi þeirra athugasemda var ákveðið að breyta ákvæðinu á þá leið að meginreglan yrði sú að varanleg eyðing skóga að hluta eða í heild væri óheimil.

### **Athugasemdir sambandsins við einstaka greinar**

#### **4. gr. Landsáætlun í skógrækt**

Um er að ræða nýmæli í skógræktarlögum. Sambandið hefur kallað eftir því að mótuð verði heildarsýn um hvert skuli stefna í skógrækt hér á landi og telur sambandið ákvæðið mjög jákvætt. Þá fagnar sambandið þeirri breytingu sem gerð hefur verið á frumvarpinu frá fyrri frumvörpum, þar sem nú er kveðið á um að einn fulltrúi í verkefnisstjórn skuli skipaður af Sambandi Íslenskra sveitarfélaga en telur þó æskilegt að þeir yrðu tveir, enda hefur verkefnið mikla tengingu við skipulagshlutverk sveitarfélaga, eins og segir í greinargerð með frumvarpinu um mat á áhrifum þess: „Frumvarpið hefur áhrif á störf landeigenda og rétthafa lands

sem rækta skóg. Það snertir einnig sveitarfélög hvað varðar skipulagsmál, leyfisveitingar og mögulega atvinnuþróun.“

Líkt og áður segir leggst sambandið gegn þeirri breytingu, sem gerð hefur verið á frumvarpinu, að ekki er lengur gert ráð fyrir því að landsáætlun í skógrækt fái umfjöllun á Alþingi. Leggur sambandið til að horft verði til orðalags í 4. gr. frumvarps sem lagt var fram á 146. löggjafarþingi:

Ráðherra leggur á fimm ára fresti fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um landsáætlun í skógrækt til tíu ára í senn....

#### **9. gr. Þjóðskógar og önnur svæði í umsjón Skógræktarinnar**

Ákvæðinu hefur verið breytt nokkuð frá upphaflega frumvarpinu en sambandið telur þó athugasemdir sem gerðar voru vegna ákvæðisins í umsögn til ráðuneytisins og til umhverfis- og samgöngunefndar frá því á 146. löggjafarþingi, eigi enn við. Sambandið bendir á að með vaxandi grósku í nytjaskógrækt hjá skógarbændum fer væntanlega að verða aðkallandi að aðgreina mun skýrar stjórn-sýslu- og ræktunarstarfsemi stofnunarinnar frá því sem kalla má atvinnustarfsemi, þ.e. vinnslu og sölu á skógarafurðum og rekstri sem flokkast undir ferðaþjónustu, til að tryggja jafnan samkeppnisgrundvöll í slíkri atvinnustarfsemi við einkaaðila. Er þetta sérstaklega mikilvægt þar sem einkaaðilar njóta ekki opinberra styrkja til að reka ferðaþjónustu sbr. 14. gr. og VII. kafla samkeppnislaga nr. 44/2005.

#### **18. gr. Fellingarleyfi**


Sambandið bendir á að ákvæði virðist vanta í frumvarpið um málskotsleiðir vegna stjórnvaldsákvæðana sem teknar eru á grundvelli laganna, sbr. m.a. ákvæði V. kafla um vernd, umhirðu og nýtingu skóga. Þar er kveðið á um fellingarleyfi, sem hljóta að teljast vera stjórnvaldsákvörðun. Eðlilegt fyrirkomulag væri að slíkum ákvörðunum, t.d. synjun um fellingarleyfi, sé hægt að vísa til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

#### **Lokaorð**

Að áliti sambandsins gefa framangreindar athugasemdir tilefni fyrir nefndina til þess að fara nánar ofan í tiltekin atriði frumvarpsins.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

  
Guðjón Bragason  
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs